

Öryggisfjarskipti ehf.  
Ársreikningur  
2022

Öryggisfjarskipti ehf.  
Skógarhlíð 14  
101 Reykjavík

Kt. 641106-1430

## Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Aritun ríkisendurskoðanda .....	5
Aritun óháðs endurskoðanda .....	6
Rekstrarreikningur .....	8
Efnahagsreikningur .....	9
Sjóðstreymsyfirlit .....	10
Skyringar .....	11

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

## Meginstarfsemi félagsins

Félagið var stofnað 20. október 2006 og megin tilgangur þess er að veita öryggisfjarskiptaþjónustu. Félagið rekur Tetra kerfi sem er stafrænt talstöðvarkerfi með símamöguleika sem er sér sniðið að þörfum við bragðsaðila þar sem hraði og öryggi skiptir máli. Leigutaki félagsins er Neyðarlínan ohf. sem á 25% eignarhlut í félaginu.

## Rekstur ársins og efnahagur

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins 122 millj. kr. á árinu 2022. Í árslok 2022 námu eignir félagsins 1.816 millj. kr. og eigið fé nam 1.246 millj. kr. Í árslok 2022 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtoldu hlutafé að fjárhæð 660 millj. kr. Eiginfjárlutfall nam 69% í árslok 2022. Rekstrarfjármunir félagsins eru metnir á afskrifuðu kostnaðarverði. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá félaginu á árinu.

## Starfsemin á árinu

Gengið var frá samningum um stækkan Tetra kerfis og endurnýjun á miðkerfum Vaktstöðvar siglinga sem koma til framkvæmda á árunum 2023 og 2024. Um er að ræða stækkan Tetra kerfis um eitt "zone" sem gerir kleift að fylgja sendum um allt að 100 og fylgja fjarskiptastjórum úr 40 í 60 og endurnýjun tölvubúnaðar Frequentis kerfisins á vaktstöðinni og uppfærsla í næstu kynslóð. Settur var upp einn nýr Tetra sendir.

Lokið var við verkefni sem eftir voru samkvæmt samningi við fjarskiptasjóð frá 2020 um uppbyggingu fjarskiptaaðstöðu með uppsetningu eins sendastaðar sem eftir var að byggja. Einnig var unnið að uppbyggingu sendastaða fyrir farsíma sem unnið var í samstarfi við Neyðarlínu. Áfram var unnið að því að styrkja varafl í samræmi við samning við fjarskiptasjóð og var verkið unnið í nánu samstarfi við nokkur fjarskiptafélög. Í árslok var því verki að mestu lokið en reynsla af óveðrum undanfarið sýnir að það þarf enn að bæta við varafl á fleiri stöðum og er ráðgert að það verði gert á árinu 2023.

Á Vatnsenda var unnið að því að ganga frá svæðinu eftir niður rif, uppsetningu á nýju fjarskiptahúsi og undirbúningi að byggingu útsýnispalls og sögureits. Í árslok var þess beðið að lokið yrði við gerð skipulags svæðisins svo hægt verði að ganga endanlega frá sem stefnt er að verði gert á árinu 2023.

Fyrirferðarmest í framkvæmdum félagsins var bygging flugskýlis fyrir Landhelgisgæsluna. Unnið var að byggingu skýlisins allt árið og var verkið í árslok langt komið. Nokkrar tafir urðu á framkvæmdum vegna kærandi útboð en því máli lauk með því að kærunni var vísað frá. Stefnt er að því að verkinu ljúki fyrri part ársins 2023 og verði það þá afhent leigutaka í áfönqum.

Á árinu fékk félagið úthlutað tíðnileyfi á 700 MHz sem ætlað er fyrir næstu kynslóð neyðar- og öryggisfjarskipta. Í fyrstu er því ætlað að mæta þörfum fyrir öruggan gagnaflutning en seinna meir til endurnýjunar á Tetra kerfinu.

Öryggisfjarskipti er með samning við Neyðarlínuna um að annast stjórnun og sjá um framkvæmdir fyrir félagið.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2023, en víesar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh:

---

### Hlutafé og eignarhald

Í upphafi og lok árs voru hluthafar tveir og greinast hlutir þeirra þannig:

Ríkissjóður .....	495.000.000
Neyðarlínan ohf. ....	165.000.000
	<hr/> 660.000.000

Samþykkt var á hluthafafundi í desember 2022 að auka hlutafé um 500 millj. kr. og mun því hlutafé félagsins nema 1.160 millj. kr. eftir aukninguna á árinu 2023. Neyðarlínan ohf. tók ekki þátt í hlutafjáraukningunni en ríkissjóður samþykkti að taka þátt í aukningunni. Með þessari breytingu verður eignarhlutur ríkissjóðs á árinu 2023, 85,78% (2022:75%) og hlutur Neyðarlínunnar ohf. 14,22% (2022:25%). Hlutaféð var greitt inn af ríkissjóði 11. janúar 2023.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Öryggisfjarskipta ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. mars 2023.

Stjórn og framkvæmdastjóri:



# Áritun ríkisendurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Öryggisfjarskipta ehf.


## Forsendor, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og síðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðanda. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbónaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, 29. mars 2023



Guðmundur Björgvin Helgason  
ríkisendurskoðandi

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Öryggisfjarskipta ehf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Öryggisfjarskipta ehf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glöggja mynd af fjárhagsstöðu Öryggisfjarskipta ehf. 31. desember 2022, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Öryggisfjarskiptum ehf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

## Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýrinqum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Öryggisfjarskipta ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafa ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeiri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 29. mars 2023



Hinrik Þór Harðarson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2022

---

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Leigutekjur .....		367.072.004	397.181.177
Aðrar tekjur .....	13	33.033.917	45.000.000
		<u>400.105.921</u>	<u>442.181.177</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Viðhaldskostnaður .....		45.793.007	44.316.267
Fjarskiptaleyfi .....		4.573.105	1.153.960
Laun og launatengd gjöld .....	3	3.000.000	3.000.000
Annar rekstarkostnaður .....		31.375.178	21.870.102
Afskriftir .....	6	161.367.643	180.118.593
		<u>246.108.933</u>	<u>250.458.922</u>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld</b> .....		153.996.988	191.722.255
Vaxtatekjur .....		4.115.856	4.993.768
Vaxtagjöld .....		( 5.561.037)	( 9.338)
		<u>( 1.445.181)</u>	<u>4.984.430</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		152.551.807	196.706.685
Tekjuskattur .....	4	( 30.514.122)	( 39.344.996)
<b>Hagnaður ársins</b> .....	9	<u>122.037.685</u>	<u>157.361.689</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

---

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	5,6	1.775.780.163	804.995.721
Fastafjármunir		<u>1.775.780.163</u>	<u>804.995.721</u>
Krafa á Neyðarlínuna ohf. ....	11	0	150.623.752
Verk í vinnslu til endursölu .....	5	0	246.473.898
Aðrar skammtímakröfur .....		821.441	118.076
Virðisaukaskattur, inneign .....		7.286.675	29.912.908
Handbært fé .....		32.411.320	123.854.929
Veltufjármunir		<u>40.519.436</u>	<u>550.983.563</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.816.299.599</u>	<u>1.355.979.284</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....	8	660.000.000	660.000.000
Lögbundinn varasjóður .....		58.996.889	46.793.120
Óráðstafað eigið fé .....		526.959.523	417.125.607
<b>Eigið fé</b>	9	<u>1.245.956.412</u>	<u>1.123.918.727</u>
<b>Langtímaskuldbindingar</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	10	3.137.317	13.921.661
Langtímaskuldbindingar samtals		<u>3.137.317</u>	<u>13.921.661</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		405.038.333	0
Viðskiptaskuldir .....		22.785.426	21.558.758
Skuld við Neyðarlínuna ohf. ....	11	32.083.646	0
Fyrirfram innheimtir styrkir .....	13	66.000.000	141.588.776
Tekjuskattur til greiðslu .....	12	41.298.465	54.991.362
Skammtímaskuldir samtals		<u>567.205.870</u>	<u>218.138.896</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>570.343.187</u>	<u>232.060.557</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.816.299.599</u>	<u>1.355.979.284</u>

## Sjóðstremisyfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		122.037.685	157.361.689
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir .....	6	161.367.643	180.118.593
Tekjuskattsskuldbinding, breyting .....	10	( 10.784.344)	( 14.754.942)
Veltufé frá rekstri		272.620.984	322.725.340
Verk í vinnslu, breyting .....		0	( 246.473.898)
Skammtímakröfur, breyting .....		21.922.868	13.489.788
Skammtímaskuldir, breyting .....		( 88.055.005)	115.143.020
Handbært fé frá rekstri		206.488.847	204.884.250
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfármunum .....	6	( 885.678.187)	( 69.117.881)
Fjárfestingarhreyfingar		( 885.678.187)	( 69.117.881)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir, breyting .....		405.038.333	0
Kröfur og skuldir við tengda aðila, breyting .....		182.707.398	( 63.369.064)
Fjármögnunarhreyfingar		587.745.731	( 63.369.064)
Breyting á handbæru fé .....		( 91.443.609)	72.397.305
Handbært fé í ársbyrjun .....		123.854.929	51.457.624
Handbært fé í árslok .....		32.411.320	123.854.929

# Skýringar

---

## Reikningsskilaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilað

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

### 2. Mikilvægar reikningsskilaðferðir

#### a. Erlendir gjaldmiðlar og fjármagnskostnaður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

#### b. Innlausn tekna

Leigutekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar til þeirra hefur verið unnið.

#### c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húsnæði .....	33 ár
VSS kerfi .....	8 ár
Tetra kerfi .....	10 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

#### d. Skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur voru óverulegar í árslok 2022 og því ekki tilefni til neinnar varúðarafskriftar af slíkum kröfum.

#### e. Verk í vinnslu

Verk í vinnslu eru færð á kostnaðarverði.

#### f. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

#### g. Tekjuskattur

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendar en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattauppgjöri en í ársreikningi.

### 3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Aðkeypt skrifstofu- og stjórnunarþjónusta frá Neyðarlínunni ohf. ....	3.000.000	3.000.000
Laun og launatengd gjöld samtals .....	3.000.000	3.000.000

## Skyringar, frh.:

### 4. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2022	2021
Hagnaður fyrir skatta .....	152.551.807	196.706.685
Tekjuskattur samkvæmt		
gildandi skatthlutfalli .....	20,0% ( 30.510.361)	20,0% ( 39.341.337)
Annað .....	0,0% ( 3.761)	0,0% ( 3.659)
Virkur tekjuskattur .....	20,0% ( 30.514.122)	20,0% ( 39.344.996)

### 5. Verk í vinnslu/flugskýli

Í júní 2021 var staðfest samkomulag við Landhelgisgæsluna, með samþykki dómsmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis, um að félagið taki að sér byggingu tæplega 3000 m<sup>2</sup> þyrluskýlis við Reykjavíkurflugvöll. Verkið hófst strax í kjölfarið með ýmsum undirbúningi og hófust framkvæmdir um haustið. Öryggisfjarskipti tók að sér þetta hlutverk í kjölfar byggingar á sambærilegu skýli fyrir bifreiðar, tæki, tól og varahluti félagsins, ásamt viðeigandi viðhaldi á Hólmsheiði. Ekki var ætlunin að félagið myndi eiga flugskýlið til lengri tíma, en fram að sölu skýlisins var horft til þess að félagið gæti fjármagnað sig tímabundið með leigutekjum af því og lántöku ef aðrar fjárfestingar kölluðu á slíkt. Varðandi áform um sölu er horft annars vegar til ríkisins og hins vegar einkaaðila og er stefnt að því að sala fari fram eigi síðar en á næsta ári. Sem eigandi byggingarinnar sótti félagið um frjálsa skráningu á virðisaukaskatti og hefur félagið nýtt sér innskatt við bygginguna með trú um að sérstök og frjáls skráning virðisaukaskatts fengist vegna byggingarinnar. Sú skráning hefur enn ekki gengið eftir þar sem ekki hefur reynst hægt að þinglysa leigusamningi þar sem skipulag og eignarhald á lóðinni er óljóst. Stjórn og stjórnendur félagsins vinna að úrlausn mála en ef ekki finnst lausn á málinu mun félagið þurfa að endurgreiða virðisaukaskatt að fjárhæð 155 millj. kr. að viðbætta álagi og dráttarvöxtum. Við slíkar aðstæður myndi kostnaðarverð byggingarinnar hækka sem næmi nýttum innskatti. Afhending flugskýlis fer fram á árinu 2023 og þá munu tekjuáhrif jafnframt koma fram. Kostnaðarverð flugskýlis nemur 927 millj. kr. í árslok 2022 og er fært meðal rekstrarfjármuna. Eigin er ekki afskrifuð þar sem hún hefur ekki verið afhent leigutaka formlega í árslok 2022. Félagið hefur hingað til ekki tekið nein langtímalán til að standa undir framkvæmdakostnaði en er með lánalínu sem nemur 405 millj. kr. í árslok. Samþykkt var á hluthafafundi í desember 2022 að auka hlutafé félagsins um 500 millj. kr. m.a. til að standa undir fjárfestingum. Hlutafjáraukningin var greidd 11. janúar 2023.

### 6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Húsnaði	VSS kerfi	Tetra kerfi	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2022 .....	204.947.157	69.103.477	1.501.405.364	47.652.227	1.823.108.225
Viðbót á árinu .....	926.926.975	11.364.163	176.025.896	17.835.051	1.132.152.085
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	0	0	0
Stofnverð 31.12.2022 .....	1.131.874.132	80.467.640	1.677.431.260	65.487.278	2.955.260.310
Afskrifað samtals 1.1.2022 .....	15.802.747	37.431.051	946.004.537	18.874.168	1.018.112.503
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	0	0	0
Afskrifað á árinu .....	6.148.415	8.637.935	135.930.509	10.650.784	161.367.643
Afskrifað samtals 31.12.2022 ....	21.951.162	46.068.986	1.081.935.046	29.524.952	1.179.480.146
Bókfært verð 1.1.2022 .....	189.144.410	31.672.426	555.400.827	28.778.058	804.995.721
Bókfært verð 31.12.2022 .....	1.109.922.970	34.398.654	595.496.214	35.962.325	1.775.780.163

## Skýringar, frh.:

### 7. Vátryggingarverð

Vátryggingarverð húsnæðis og kerfa var 2.317 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 1776 millj. kr.

### 8. Hlutafé

Hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 660 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félagini. Samþykkt var á hluthafafundi í desember 2022 að auka hlutafé um 500 millj. kr. og mun því hlutafé félagsins nema 1.160 millj. kr. eftir aukninguna á árinu 2023.

### 9. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022 .....	660.000.000	46.793.120	417.125.607	1.123.918.727
Fært í varasjóð .....		12.203.769	( 12.203.769)	0
Hagnaður ársins .....			122.037.685	122.037.685
Eigið fé 31.12.2022 .....	660.000.000	58.996.889	526.959.524	1.245.956.412

### 10. Skattskuldbinding

Skattskuldbinding félagsins greinist þannig:

	2022	2021
Reiknuð skattskuldbinding í ársbyrjun .....	( 13.921.661)	( 28.676.603)
Breyting ársins .....	10.784.344	14.754.942
Reiknuð skattskuldbinding í árslok .....	( 3.137.317)	( 13.921.661)
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 3.137.317)	( 9.988.939)
Veltufjármunir .....	0	( 3.932.722)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	( 3.137.317)	( 13.921.661)

### 11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. Móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háir félagini, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:

	Leigu- tekjur	Aðkeyptar eignir og þjónusta	Vaxta- tekjur	Krafa	Skuld
Neyðarlínan ohf. 2022 .....	367.072.004	391.752.700	2.809.516	0	32.083.646
Neyðarlínan ohf. 2021 .....	397.181.177	237.266.819	4.456.773	150.623.752	0

Félagið á í töluverðum viðskiptum við annan af eigendum sínum Neyðarlínuna ohf. sem felur fyrt og fremst í sér leigutekjur en einnig sér Neyðarlínan ohf. um innkaup á ýmsum búnaði, eignum og þjónustu sem félagið rukkar Öryggisfarskipti ehf. fyrir. Stór hluti af kaupum á aðkeyptum eignum og þjónustu af Neyðarlínunni ohf. er eignfærður meðal fastafjármuna eða koma til á móti styrkjum sbr. skýringu nr. 13. Endurrukkadur útlagður kostnaður er færður til lækkunar á gjöldum í rekstrarreikningi.

## Skýringar, frh.:

### **12. Tekjuskattur til greiðslu**

Tekjuskattur til greiðslu árið 2023 vegna rekstrarársins 2022, hefur verið reiknaður og færður í ársreikning félagsins.

### **13. Fyrirframinnheimtir styrkir**

Félagið móttók styrki á árinu 2021 framkvæmda sem félagið tók að sér, annars vegar við lagfæringar á núverandi flugskýli fyrir Landhelgisgæsluna og hins vegar framkvæmdir á Vatnsenda. Framangreindum framkvæmdum er ekki að fullu lokið í árslok 2022 og er því hluti af móttéknum styrkjum færð sem fyrirfram innheimtar tekjur meðal skammtímaskulda.